

Miðvikudaginn 14. maí 1930.

Nr. 6/1930.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)
gegn

Friedrich August Löwner
(Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. jan. 1930. Kærður, Friedrich August Löwner, greiði 20000 króna sekt í Landhelgisjód Íslands og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa. Svo og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum P. G. 359 »Arthur Duncker« sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að kærði skal sæta 9 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó með þeirri breytingu, að kærði skal sæta 9 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Kærði, Friedrich August Löwner, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda

og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna
Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr.
til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Friedrich August Löwner, skipstjóra á togaranum P. G. 359 »Arthur Duncker« frá Wesermünde, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um botnvörpuveiðar í landhelgi.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Laugardaginn 4. janúar 1930 var varðskipið »Ægir« á leið frá Tvískerjum til Ingólfshöfða. Kl. 1,25 var gjörð staðarákvörðun, er sýndi, að varðskipið var á landhelgislinunni. Samtímis sást togari því nær beint framundan varðskipinu.

Kl. 1,28 var gjörð eftirfarandi staðarákvörðun:

S/k Ingólfshöfði 35° 30'

Salthöfði

> 78° 20'

Rákartindur.

Athugun þessi sýndi

einnig stað varðskipisins á landhelgislinunni. Samtímis var mælt hornið milli hins áður nefnda togara og s/k Ingólfs-
höfða 15° 40'. Togarinn virtist þá halda beint á móti varð-
skipinu.

Kl. 1,33 var gjörð eftirfarandi staðarákvörðun:

S/k Ingólfshöfði

> 42° 20'

Lómagnúpur

og Lómagnúpur ≠ Salt-

höfði. Sýndi athugun þessi varðskipið 0,2 sm. innan land-
helgislinunnar. Samtímis var mælt hornið milli togarans og
s/k Ingólfshöfða 18° 20'.

Kl. 1,37 var enn gjörð eftirfarandi staðarákvörðun:

S/k Ingólfshöfða

> 39° 40'

Lómagnúpur

> 10° 50',

Salthöfði

samtímis var mælt

hornið milli togarans og s/k Ingólfshöfða 21° 45'. Staðar-
ákvörðun þessi sýndi varðskipið 0,25 sm. innan landhelgis-

línunnar. Togarinn stefndi þá út og stýrði suðlæga stefnu, en sneri við aftur litlu síðar og hélt beint á varðskipið eins og áður.

Kl. 1,39 var stöðvunarmerki dregið upp.

— 1,41 skotið púðurskoti.

— 1,44 skotið öðru púðurskoti.

— 1,51 var skotið þriðja púðurskoti.

— 1,53 var komið að togaranum P. G. 359 »Arthur Duncker« frá Wesermünde -G. og sást þá, að hann var með stjórnbörðsvörpu úti. Var þá skotið kúluskoti fyrir aftan hann og nam hann þegar staðar. Kl. 1,57 var gjörð eftirfarandi staðarákvörðun alveg hjá togaranum:

Ingólfshöfðaviti

> 18°

Lómagnúpur

> 76° 50'

Rákartindur.

Dýpi mælt 44 metrar.

Gefur það stað togarans tæpar 0,5 sm. innan landhelgislínunnar, eins og uppdrátturinn af sjókortinu ber með sér.

Kærður var þá spurður, hvort hann vissi hvar hann væri staddur með skip sitt og kvaðst hann vera 3,5 sm. frá landi, því samkvæmt miðun hefði Ingólfshöfðaviti verið í m/v. N.V. t. V. og hæðarhornið til vitans 34'.

Fyrir réttinum hefir kærður haldið því fram, að hann hafi gjört þrjár staðarákvarðanir eftir að hann sá varðskipið. Fyrstu staðarákvörðunina kveðst hann hafa gjört á meðan hann var að toga áleiðis til varðskipsins og sýndi miðunin Ingólfshöfðavita í N. V. t. V. og hæðarhornið til vitans 34'. Aðra staðarákvörðun kveðst hann hafa gjört eftir að togarinn stansaði; var miðunin þá sú sama og áður, en hæðarhornið til vitans um 33'. Enn kveðst hann hafa gjört staðarákvörðun, er hann kom úr varðskipinu og hafði útkoman þá aftur orðið sú sama. — Kærður telur ennfreður, að hann muni hafa rekið eitthvað eða um 50—60 metra í áttina til landhelginnar eftir að hann stansaði. Við yfirheyrslu á stýrimönnum kærðs, sem hann telur að hafa verið við staðarákvarðanir og sannreynt þær, hefir komið í ljós, að þeir hafi aðeins verið við miðanirnar, en mælingarnar kveðast þeir alls ekki hafa sannreynt. Þeir hafa jafnframt skýrt svo frá, að þeir hafi aldrei nema einu sinni um þetta leyti séð kærðan gjöra mælingar, en það var rétt eftir að togarinn stansaði og áður en kærður fór yfir í varðskipið. Um reka skipsins er framburður stýrimannanna alveg ósam-

hljóða. Annar stýrimaður telur, að skipið hafi rekið mikið inn að landhelgi, en fyrsti stýrimaður, að það hafi alls ekki rekið neitt. En hvort togarann hefir rekið 50—60 metra eftir að varðskipið hafði gjört sínar staðarákvarðanir skiftir engu máli.

Það er upplýst í málinu með framburði kærðs, sem kemur heim við framburð 1. stýrimanns, að kærður hefir ekki verið á stjórnþalli meðan togarinn var að veiðum. Kærður kveðst hafa sofið inn í stjórnþallshúsinu um 2 tíma áður en þeir sáu varðskipið og á meðan var 1. stýrimaður á stjórnþalli.

Kærður hefir tvívegis áður verið dæmdur fyrir brot á landhelgislöggjöfinni, $^{24}/_3$ 1929 var hann tekinn að veiðum við Ingólfshöfða og $^{27}/_3$ var hann dæmdur í Vestmannaeyjum í 15000 ísl. króna sekt. Aftur var hann tekinn að veiðum við Ingólfshöfða $^{19}/_5$ 1929 og dæmdur í Vestmannaeyjum $^{22}/_5$ í 16000 ísl. króna sekt.

Eins og sést af því, sem sagt er hér að framan, hefir kærður ekki tekizt á nokkurn hátt að hnekkja mælingum varðskeysins, sem gjörðar eru með hinum bestu tækjum af þaulæfðum mönnum og verður því að telja nægilega sannað, að kærður hefir verið að veiðum með botnvörpu í íslenzkri landhelgi hinn 4. þ. m., þegar og rétt áður er varðskipið »Ægir« kom þar að honum kl. 1,57 e. h. Hinsvegar verður það ekki talið sannað, að það hafi verið ásetningur kærðs að fiska í landhelgi, heldur verður þvert á móti að telja það mjög líklegt, að svo hafi alls ekki verið, þar sem að upplýst er, að hann var ekki á stjórnþalli meðan á veiðunum stóð og mjög sennilegt, að hinar mjög ónákvæmu hæðarhornsmælingar hans kunni að hafa villt hann.

Eins og sýnt er hér að framan, hefir kærður með framferði sínu brotið gegn ákvæðum fyrstu greinar laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir það, eftir 3. gr. laganna og með tilliti til fyrri brota hans, sbr. og fyrstu grein laga nr. 4 frá 1924, hæfilega ákveðin 20000 ísl. króna sekt til Landhelgisgissjóðs Íslands, með tilliti til þess samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna jafngildir 82,14 aurum gulls. Í stað sektarinnar komi einfalt fangelsi í 8 mánuði, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum P.G. 359 »Arthur Duncker« skal upptækt og andvirði renna í sama sjóð og sektin.

Þar sem líklegt er af ástæðum, sem greindar eru hér að framan, að kærður hafi ekki farið inn í landhelgina með ásetningi, og þar sem skilja þykir mega ákvæði fyrra liðs 5. gr. laga nr. 5 frá 1920 um fangelsi sem aukarefsingu, samkvæmt almennum grundvallarreglum refsilaga um hækkun refsingar fyrir itrekað brot, á þann veg, að aukarefsingunni skuli því aðeins beitt, að um ásetningsbrot sé að ræða, sbr. og seinni lið greinarinnar um heimild fyrir aukarefsingu við fyrsta brot þegar miklar sakir eru, þá verður kærður ekki dæmdur í umrædda aukarefsingu.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 16. maí 1930.

Nr. 39/1929.

Hallgerður Hallgrímsdóttir

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Ingólfi Lárussyni og gagnsök

(Guðm. Ólafsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Ísafjarðarsýslu 31. ágúst 1928: Kærður, Ingólfur Lárusson, á að vera sýkn af kröfum kærands, Hallgerðar Hallgrímsdóttur, ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að hann hafi haft samfarir við kæranda fyrir 1. janúar 1928, á tímabilinu september og október næst á undan, að hann geti verið faðir að barni því, er kærandi ól 11. júní þ. á. Vinni kærður aftur á móti eigi eiðinn, skal hann teljast faðir barnsins, og á hann að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður eftir yfirvaldsúrskurði.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu dómsins, að viðlagðri aðför að lögum.